



Ársskýrsla 2020

Golfklúbbur Skagafjarðar

Nóvember 2020

Efnisyfirlit

Skýrsla formanns.....	3
Félagatal.....	3
50 ára afmælisárið	4
Hliðarendavöllur	4
Skálinn og sjoppan	5
Starfsmenn.....	5
Þjálfun barna og unglinga	6
Aðsókn og vinaklúbbar.....	6
Íslandsmót golfklúbba.....	8
Samningar við sveitarfélagið.....	8
Kvennamót.....	8
Vetrarstarf.....	9
Tillaga um lagabreytingar.....	9
Lokaorð	9
Skýrsla mótanefndar	10
Skýrsla vallarnefndar.....	12
Skýrsla barna- og unglinganefndar GSS 2020	13
Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar	17
Skýrsla forgjafarnefndar.....	18
Vallarmat.....	18
Nokkur atriði um nýtt forgjafarkerfi - WHS	18
Tölfræði.....	20
Greining skorkorta	21
Lög Golfklúbbs Skagafjarðar – fyrir aðalfund 2020.....	22
Tillaga um breytingu á lögum GSS	24
Stjórn og nefndir starfsárið 2020.....	28
Tillaga að stjórn og nefndum starfsárið 2021	29
Tillaga aðalfundar að gjaldskrá 2021	30

Úr sögu GSS:

"[...] og snemma vetrar árið **1970** tilnefndi [Rótarý]klúbburinn þá Friðrik J. Friðriksson lækni og Reyni Þórgímsson framkvæmdastjóra til að kanna áhuga á uppbyggingu golfíþróttarinnar á Sauðárkróki. Þeir Friðrik og Reynir hófust þegar handa og boðuðu til fundar áhugafólks þann **9. nóvember** sama ár. Viðtökurnar voru góðar og ákveðið var þá á fundinum að stofna golfklúbb og þeir ríflega 20 sem á fundinn mættu töldust til stofnfélaga Golfklúbbs Sauðárkróks."



Skýrsla formanns

Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar (GSS) árið 2020 var óbreytt frá árinu 2019: Kristján Bjarni Halldórsson formaður, Halldór Halldórsson varaformaður, Dagbjört Rós Hermundsdóttir ritari, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason formaður mótanefndar, Helga Jónína Guðmundsdóttir formaður barna- og unglinganefndar og Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar. Vallarstjóri: Guðmundur Þór Árnason


Golf gegnir mikilvægu hlutverki í Sveitarfélaginu Skagafirði. Í fyrsta lagi fer fram öflugt barna- og unglingastarf í klúbbum, í öðru lagi hentar golf sem áhugamál, félagsskapur og heilsubót fyrir fólk á öllum aldri og síðast en ekki síst er golf hluti af ferðamennsku og kylfingar heimsækja Skagafjörð gagnert til þess að spila golf.

Félagatal


Félagar GSS eru 203 talsins samkvæmt félagatali (14. nóv 2020), 116 karlkyns og 87 kvenkyns. 192 félagsmenn eru með lögheimili í Skagafirði, þar af 187 á Sauðárkróki. Félagar eru á öllum aldri, frá 6 til 83 ára. Aldursdreifingin kemur fram á mynd 1.

Fjölum GSS hefur fjölgað undanfarin ár. Árið 2020 voru 203 félagar en 167 árið áður og var fjölgunin því 22% frá 2019 til 2020. Þess má geta að meðalfjölgun í golfklúbbum landsins milli sömu ára var 11%. Á mynd 2 má sjá þróunina í félagafjölda GSS undanfarin ár. Þess má geta að félagar á 40 ára afmælisárinu árið 2010 voru 133 talsins.

Fjölum félaga er ánægjuleg og nokkrir þættir sem skýra hana. Í fyrsta lagi er aukinn áhugi á golfi á Íslandi og fjölum varð í nánast öllum golfklúbbum árið 2020. Í öðru lagi hefur GSS minnt vel á sig með kynningum. Í þriðja lagi eru aðstæður góðar og völluminn í góðri umhirðu. Í fjórða lagi hefur nýliðanefnd haldið vel utan um nýliða sem finnst þeir vera velkomnir í klúbbum. Það sem hefur þó sennilega haft mest áhrif eru nýliðanámskeiðin sem hafa tekist framar vonum. Kynjahlutfallið var skoðað í ársskýrslum 1998 og 2015 og fróðlegt að bera saman við stöðuna árið 2020. Eins og sjá má í töflu 1 er hlutfallið milli karlkyns og kvenkyns félaga að jafnast.



Mynd 1 Aldursdreifing félaga GSS (nóv 2019)



Mynd 2 Félagafjöldi árin 2015 til 2020

Tafla 1 Hlutfall kk og kvk árin 1998, 2015 og 2020

	kk	kvk	Alls
1998	85 72%	33 28%	118
2015	77 62%	48 38%	125
2020	116 57%	87 43%	203

50 ára afmælisárið

Það er óhætt að segja að afmælisárið hafi verið viðburðaríkt og óvænt. Sóttfaraldur herjaði á heimsbyggðina árið 2020 eins og allir vita. Sem betur kom veiran ekki í veg fyrir að hægt væri að stunda golf í sumar. Þvert á móti flykkust landsmenn í golf innanlands og þess varð vel vart á Hlíðarendavelli. Aðsókn hefur líklega aldrei verið betri en í sumar. Líklegt má telja að það hafi hjálpað til hve mörg vinatengsl var búið að mynda við klúbba á vormánuðum 2020. GSS eignaðist nýja vinaklúbba um land allt, en félagsmenn þeirra fá afslátt þegar þeir spila hjá okkur og gagnkvæmt. Við gerum okkur vonir um að kylfingar vinaklúbba muni heimsækja Skagafjörð í auknum mæli á komandi árum til að glíma við völlinn fagra og njóta alls hins góða sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða. Skagafjörður er áfangastaður kylfinga.

Vissulega kom Covid í veg fyrir afmælisferð félagsmanna sem fyrirhuguð var í haust og afmælisferð barna og unglunga sem átti að fara í vor. Sömuleiðis var ekki unnt að halda 50 ára afmælishóf. Í mínum huga var ofangreindu slegið á frest og bíður betri tíma. Veiran hafði einnig þau áhrif að dagskrá móta riðlaðist. En okkur tókst margt annað. Jónsmessumót var endurvakið og nefndist nú Sólstöðumót og í stað gömlu bændaglímunnar var haldinn Örylgsstaðabardagi. Þá var haldið skemmtikvöld sem tókst mjög vel þar sem lifandi tónlist var í fyrirruði og ljóst að félagsmönnum er margt til lista lagt.

50 ára afmælimót GSS fór fram laugardaginn 27. júní. Þátttaka var frábær, 70 manns. Nýir teigar voru vígðir á fimmtu braut, sem gæti orðið uppáhaldsbraut margra við breytinguna. Þá voru ný glæsileg teigskilti tekin í notkun. Keppendur voru ánægðir með völlinn, sérstaklega flatirnar sem eru í toppstandi. Vinningar voru glæsilegir í 6 verðlaunaflokkum og að auki voru nándarverðlaun og fjöldi útdráttarvinninga. Úrslit eru á síðu golf.is en þess má geta að grípa þurfti til bráðabana í tveimur flokkum til að knýja fram úrslit. Við verðlaunaafhendingu var boðið upp á glæsilega afmælisöku frá bakaríinu. Allir skemmtu sér vel og fóru glaðir heim.

Við gáfum út afmælisrit GSS í byrjun sumars sem dreift var á heimili og til fyrirtækja og stofnana í Skagafirði. Þar að auki var afmælisritið birt rafrænt á heimasíðu GSS og Feyki. Í ritinu reifaði Unnar Ingvarsson 50 ára sögu klúbbsins eins og honum er einum lagið. Í afmælisritinu voru einnig viðtöl við félagsmenn og fyrrum þjálfara. Fjöldi mynda prýddi ritið. Útgáfa ritsins var möguleg vegna stuðnings fjölda fyrirtækja og stofnana í heimahéraði. Að auki fengum við sérstakan stuðning UMFÍ og SSVN til útgáfunnar. Við erum afar þakkát fyrir stuðninginn.

Fyrir utan afmælisritið fékk GSS talsverða athygli í fjölmiðlum og má þar nefna Feyki, Morgunblaðið, Rás 2, Bylgjuna, Skinfaxa, golf.is og kylfingur.is

Hefð er fyrir því á stórafmælum að GSÍ veiti viðurkenningar í formi gull- eða silfurmerkja þeim félagsmönnum sem hafa starfað ötullega í golfhreyfingunni í fjölda ára. Þessar viðurkenningar verða að bíða þar til færi gefst, og faraldurinn verður farinn á brott, vonandi næsta sumar. Við væntum þess að fá þá forystumenn golfhreyfingarinnar í heimsókn.

Hlíðarendavöllur

Hlíðarendavöllur fær einróma lof þeirra sem hann sækja. Völlurinn að Hlíðarenda er á um 29 hektara svæði, sem jafngildir yfir 60 knattspyrnuvöllum. Hann er því með stærri íþróttamannvirkjum Skagafjarðar að flatarmáli. Staðsetning vallarins er góð, í göngufæri frá íbúðabyggð og tjaldstæðum bæjarins sem hefur marga augljósa kosti. Það krefst vinnu að viðhalda vellinum og bæta. Vallarnefnd lagði fram

metnaðarfulla áætlun fyrir ári síðan um endurbætur á vellinum árin 2020 – 2024. Margt af því kom til framkvæmda í sumar. Væntanlega verður áætlunin uppfærð fyrir næsta sumar. Ánægjulegt var að sjá kylfugeymslu verða að veruleika en formaður vallarnefndar fór hamförum í uppsetningu hennar í samstarfi við vallarstarfsmenn.

Tækjakostur hefur verið endurnýjaður á árinu. Jacobsen flatarsláttuvél var keypt í vor og einnig JBC traktorsgrafa. Kaupin á sláttuvélinni voru hluti af nauðsynlegri endurnýjun tækja. Traktorsgrafan reyndist ekki henta nógu vel og var seld. Í haust festum við svo kaup á Zetor dráttarvél.

Samkvæmt áætlun um aðalskipulag Skagafjarðar 2021 – 2035, sem er óstaðfest þegar þetta er ritað, er okkur ætlað land til stækkunar Hlíðarendavallar. Mikilvægt er að huga til framtíðar og ýmsar hugmyndir hafa verið á lofti meðal félagsmanna, m.a. um stækkun í 12 holu völlum. Þrátt fyrir að stækkun sé ekki á dagskrá enn sem komið er, þá er bæði mikilvægt og skemmtilegt að taka umræðuna. Skynsamlegt er að vallarnefndin leiði þá umræðu í samvinnu við stjórn GSS.

Skálinn og sjoppan

Golfskálinn er félagsaðstaða GSS og afdrep fyrir börn og unglunga milli æfinga. Í skálanum koma kylfingar saman þegar mót eru haldin. Þetta árið nutum við góðs af því að Byggðastofnun flutti í nýtt húsnæði endurnýjaði húsgögn og gaf golfklúbbnum borð, stóla, sófa og fleira sem gerir skálann okkar mun vistlegri en hann var. Á dagskrá er að kaupa nokkur borð til viðbótar. Skálinn er farinn að láta á sjá og kominn tími á endurbætur. Nauðsynlegt er að hefja þær framkvæmdir á næsta ári til að koma í veg fyrir skemmdir. Margir láta sig dreyma um nýjan skála og er undirritaður þar á meðal. Raunhæft er að skoða þann möguleika ef áframhaldandi jákvæð þróun verður á félagafjölda og aðsókn að vellinum. Ekki er skynsamlegt að horfa eingöngu til jákvæðrar rekstrarniðurstöðu þessa árs, sem sker sig úr miðað við nokkur undanfarin ár. Ef og þegar farið verður að huga að nýjum skála þarf að byrja á þarfagreiningu þar sem skoða þarf hvort húsnæðið megi nýta í samstarfi við aðra, t.d. yfir vetrarmánuðina.

Sjoppan var opin í sumar kl. 10:00 – 16:30 að jafnaði. Opnunartími var lengri þá daga sem mót voru haldin, þ.e. þriðjudaga (Hard Wok), miðvikdaga (KK restaurant) og laugardaga (opin mót). Opnun skálans var að auki nokkuð í takt við faraldurinn og ákváðum við að hafa lokað nokkra daga seinni part sumars. Sprittbrúsum var raðað á borð og heimasníðaðar merkingar um 2 m reglu skreyttu gólfið. Í byrjun sumars voru gerðar smá tilfæringar á kæliskápum, við leigðum nýja kaffivél og losuðum okkur við gossjálfsalann. Starfsmenn sjoppunnar stóðu sig með mikilli þrýði og salan var góð. Sala á merktum fatnaði gekk vonum frammar. Ekki spillti heldur fyrir að loks tókst að endurnýja „token“ í boltavélina og runnu þeir út eins og heitar lummur.

Starfsmenn

Guðmundur Þór Árnason vallarstjóri vann gott starf að venju ásamt vallarstarfsmönnum en það voru þeir Atli Freyr Rafnsson, Gestur Sigurjónsson, Hákon Ingi Rafnsson og Hlynur Freyr Einarsson. Veigar Þór Sigurðsson og Árni Tumi Reynisson unnu hluta sumars við umhirðu vallar. Þeir Atli Freyr og Gestur voru að hluta í starfi við umhirðu vallar og slátt. Á móti störfuðu þeir við þjálfun barna- og unglunga. Aðstoðarþjálfarar voru Rebekka Helena B. Róbertsdóttir, Tómas Bjarki Guðmundsson og Una Karen Guðmundsdóttir. Arnar Geir Hjartarson sá um vikulegar tækniæfingar ungmenna. Þjálfarar á vetraræfingum voru Telma Ösp Einarsdóttir og Arnar Freyr Guðmundsson. Starfsmenn í sjoppu voru

Birgitta Björt Pétursdóttir og Karen Lilja Owolabi. Hér eru ótaldir sjálfboðaliðar sem unnu mikið og gott starf í þágu klúbbsins.

Þjálfun barna og unglinga

Börnin eru framtíðin og mikilvægt að standa vel að þjálfun þeirra. Þjálfarar okkar stóðu sig mjög vel, síðastliðinn vetur og sumar. Formaður barna- og unglínganefndar gerir grein fyrir starfi barna- og unglínganefndar hér neðar í ársskýrslunni. Þórður Rafn Gissurarson atvinnukylfingur heimsótti okkur tvisvar í sumar og vann gott starf með þjálfurum okkar. Þórður skilaði ítarlegri skýrslu til GSS með góðum ábendingum. Þórður er nú kominn til starfa sem íþróttastjóri GR og hefur lýst yfir vilja til að halda samstarfinu áfram. Ég tel mikilvægt að kanna leiðir til að efla samstarfið þannig að Þórður hitti börn, ungmenni og þjálfara okkar oft. Þá er vert að hafa í huga að árið 2021 verða teknir nýir nemar inn í PGA kennaranám á Íslandi. Það væri dýrmætt fyrir GSS að eiga fulltrúa þar.

Aðsókn og vinaklúbbar

Aðsókn á Hlíðarendavöll var góð í sumar. Vallarstarfsmenn segjast aldrei hafa séð annað eins. Aukningin kemur berlega fram í ársreikningi. Við erum ánægð með aðsóknina, en hafa þarf í huga að árið var fordæmalaust. Lögð var áhersla á það við félagsmenn að bóka rástíma á golfbox áður en spilað er. Gestir voru almennt duglegir við að skrá rástíma, í gegnum golfbox eða í skálanum. Þó má alltaf gera betur. Tafla 2 sýnir spilaða hringi júní – ágúst í sumar, fyrir utan mót. Við vitum að félagsmenn spila mun lengur en þessa mánuði og því eru spilaðir hringir á árinu í raun talsvert fleiri en taflan sýnir. Ánægjulegt er að sjá að í efstu sætum yfir spilaða hringi eru vinaklúbbar GSS. Samkomulagið við GR og Nesklúbbinn er reyndar bara í aðra áttina, þ.e. þeir fá afslátt hjá okkur en við fáum auglýsinguna í staðinn. Við aðra klúbba er gagnkvæmur samningur um afslátt. Vinavellir GSS eru taldir upp á heimasíðu okkar.

Skýrsla formanns

Tafla 2 Spilaðir hringir á Hlíðarendavelli, júní – ágúst 2020

Golfklúbbur	Júní	Júlí	Ágúst	Samtals
Golfklúbbur Skagafjarðar	763	815	943	2521
Golfklúbbur Reykjavíkur	64	96	72	232
Golfklúbbur Kópav og Garðab	26	50	39	115
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	17	21	38	76
Golfklúbburinn Oddur	23	22	25	70
Golfklúbbur Akureyrar	24	13	23	60
Golfklúbburinn Keilir	19	25	7	51
Nesklúbburinn	2	12	15	29
Golfklúbbur Suðurnesja	8	3	15	26
Golfklúbbur Vatnsleysustrandar		21		21
Golfklúbburinn Hamar Dalvík	5	8	8	21
Golfklúbburinn Setberg	2	8	7	17
Golfklúbbur Brautarholts	7	6	3	16
Golfklúbbur Öndverðamess	1	3	10	14
Golfklúbburinn Leynir	1	4	8	13
Golfklúbbur Vestmannaeyja	2	4	5	11
Golfklúbbur Hornafjarðar	1	2	7	10
Golfklúbbur Selfoss	4	2	4	10
Golfklúbbur Húsavíkur	2	4	3	9
Golfklúbbur Áftaness	6	2		8
Golfklúbbur Grindavíkur	4	2	2	8
Golfklúbburinn Vestarr		2	5	7
Golfklúbbur Siglufjarðar	2	1	3	6
Golfklúbbur Þorlákshafnar		2	4	6
Golfklúbbur Ísafjarðar			5	5
Golfklúbbur Hveragerðis		2	2	4
Golfklúbburinn Ós	1	1	2	4
Golfklúbbur Skagastrandar		3		3
Golfklúbburinn Flúðir	2	1		3
Golfklúbbur Ásatúns		1	1	2
Golfklúbbur Fjallabyggðar	1		1	2
Golfklúbbur Hellu	2			2
Golfklúbburinn Mostri	1	1		2
Golfklúbbur Fjarðabyggðar			1	1
Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs			1	1
Golfklúbbur Kíðjábargs			1	1
Golfklúbbur Norðfjarðar	1			1
Golfklúbburinn Geysi	1			1
Golfklúbburinn Úthlíð		1		1
Ótúlgreint		65	17	82
Samtals	992	1203	1277	3472

Íslandsmót golfklúbba

Sveitir GSS stóðu sig vel á Íslandsmótum golfklúbba og er þeim óskað til hamingju með frábæran árangur. Sveitirnar voru GSS til sóma undir öryggri stjórn liðsstjóranna (sveitarstjóra).

Íslandsmót golfklúbba í 1. deild kvenna var haldið á Urriðavelli (Golfklúbburinn Oddur) og Leirdalsvelli (Golfklúbbur Kópavogs- og Garðabæjar) 23.-25. júlí. Kvennasveit GSS varð í 6. sæti í efstu deild og keppir í þeirri deild að ári liðnu. *Kvennasveit GSS skipuðu:* Anna Karen Hjartardóttir, Árný Lilja Árnadóttir, Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Hildur Heba Einarsdóttir, Rebekka Helena Róbertsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir, Telma Ösp Einarsdóttir og Una Karen Guðmundsdóttir. **Liðsstjóri** var Árný Lilja Árnadóttir.

Íslandsmót golfklúbba í 2.deild karla var haldið hjá Golfklúbbum Leyni á Akranesi 24.-26.júlí og var karlasveit GSS meðal keppenda. Sveitin hafnaði í 6. sæti og keppir í 2. deild næsta sumar. *Karlasveit GSS skipuðu:* Arnar Geir Hjartarson, Atli Freyr Rafnsson, Hákon Ingi Rafnsson, Hlynur Freyr Einarsson, Ingvi Þór Óskarsson og Jóhann Örn Bjarkason. **Liðsstjóri** var Hjörtur Geirmundsson.

Það væri gaman að sjá lið frá GSS í Íslandsmótum eldri kylfinga (50+, 65+) í framtíðinni. Það eru margir góðir kylfingar GSS á þessum aldri.

Samningar við sveitarfélagið

Samningar GSS við Sveitarfélagið Skagafjörð voru endurnýjaðir í nóvember 2020. Samningarnir eru þrír. Um er að ræða samning um stuðning við rekstur, í öðru lagi samning um slátt á íþróttavelli og sá þriðji er samningur um slátt á opnum svæðum á Sauðárkróki. Litlar efnislegar breytingar eru frá fyrri samningum. Í samningi um stuðning við rekstur segir, í annarri grein: „Markmið þessa samnings er að tryggja GSS ákveðið fjármagn til reksturs klúbbsins, golfvallar að Hlíðarenda og til reksturs og viðhalds véla og tækja klúbbsins. Sveitarfélagið Skagafjörður leggur ríka áherslu á barna- og unglíngastarf GSS, þar sem lögð er áhersla á þroska og styrkingu einstaklingsins við heilbrigða íþróttaiðkun. Einnig er lögð áhersla á starf GSS við heilsueflingu íbúa á öllum aldri í Skagafirði. Mikilvægt er að íbúar Skagafjarðar og ferðamenn eigi kost á fjölbreyttri afþreyingu og gegnir GSS þar mikilvægu hlutverki. Markmið samningsins er einnig að GSS geti rekið og viðhaldið 9 holu golfvelli að Hlíðarenda.“

Kvennamót

Kvennamótið er í mínum huga dæmi um frábært framtak félagsmanna og hvatning til allra að stíga fram og leggja sitt af mörkum í félagsstarfinu. Kvennamót GSS fór fram í sólinni á Hlíðarendavelli laugardaginn 4. júlí, sautjanda árið í röð. Kylfingar glímdu við vind úr ýmsum áttum en skarðagolan var þó áberandi. Völlurinn skartaði sínu fegursta, blómum skreyttur og snyrtilegur í alla staði. Um 50 konur víðs vegar að mættu til leiks og heppnaðist mótið vel. Sigurvegari í ár var Dagbjört Rós Hermundsdóttir. Konur í klúbbum hjálpast að við undirbúning og utanumhald mótsins en mótið er styrkt af fjölda fyrirtækja í Skagafirði og víðar. Að vanda svignaði verðlaunaborðið undan glæsilegum verðlaunum.

Vetrarstarf

Kylfingar GSS hafa spilað á Hlíðarenda fram í október/nóvember undanfarin ár. Skammdegið og Vetur konungur hafa loks vinninginn og höggunum fækkar eftir því sem líður á haustið. Félagsmenn færa sig þá í inniaðstöðu á Borgarflöt. Þar er þúttvöllur og hermir – og alltaf gott veður. Barna- og unglíngastarf færast inn á veturnar með reglulegum æfingum eftir áramót. Nútíma hermar gera kleift að spila golf allt árið. Tækninni fleygir fram og hermarnir líkja eftir flugi kúlunnar svo aðeins skeikar nokkrum sentimetrum. Nýjustu hermarnir gefa upplýsingar sem nýttar eru til að bæta tækni og þjálfun. Á tímum Covid spillir ekki fyrir að spila má á frægustu völlum heimsins. Stjórn GSS gerir sér vonir um að eignast fljótlega nýjan fullkominn golfhermi.

Stefnt er að kynningu á aðstöðunni fljótlega fyrir nýja félagsmenn. Ég hvet félagsmenn til að nýta sér inniaðstöðuna á Borgarflöt eins og unnt er.

Tillaga um lagabreytingar

Á aðalfundinum verða lagðar fram nokkrar tillögur um lagabreytingar. Verði þær samþykktar mun formaður kynningar- og nýliðanefndar taka sæti í stjórn. Nefndum mun fækka, sem tilgreindar eru í lögum, en stjórnin fær frelsi til að skipa nefndir um verkefni eftir þörfum. Ýmsar aðrar tillögur verða lagðar fram og koma þær fram hér aftar í skýrslu, ásamt greinargerð.

Lokaorð

Framtíðin er björt. Golf nýtur mikilla vinsælda á Íslandi með næstflesta iðkendur samkvæmt tölum frá ÍSí. Golfið hefur sannað gildi sitt sem heilsubót og fjölskylduþrótt sem hentar fólki á öllum aldri. Mikil tækifæri eru í golfferðamennsku fyrir GSS og Skagafjörð. Við þurfum að efla barna- og unglíngastarfið. Munum orð Árna Jónssonar golfkennara í afmælisritinu: „Munum að börnin eru framtíðin“.

Golf er skemmtileg íþrótt. Leggjum áherslu á gleðina, félagsskapinn og skemmtunina sem fylgir því að spila golf. Lífið er núna – allir með.

Við njótum velvilja sveitarfélagsins og fyrirtækja í Skagafirði. Fyrir það þökkum við kærlega. Starf GSS byggist að miklu leyti á sjálfboðavinnu. Ég þakka kærlega þeim sem hafa starfað í stjórn og nefndum árið 2020. Þar hefur verið valinn maður í hverju rúmi. Allir aðrir sjálfboðaliðar fá sömuleiðis kærar þakkir. Þá óska ég þeim velfarnaðar sem munu starfa fyrir GSS árið 2021. Síðast en ekki síst óska ég öllum félagsmönnum og fjölskyldum þeirra farsældar á nýju ári.



Kristján Bjarni Halldórsson

Formaður GSS

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd: Andri Þór Árnason formaður, Hjalti Árnson, Kristbjörg Kemp og Ragnheiður Matthíasdóttir.

Haldin voru 38 golfmót sumarið 2020 á vegum mótanefndar, nýliðanefndar og barna og unglínganefndar. Mótahald gekk vel þrátt fyrir afar krefjandi aðstæður á köflum.

GSS stendur fyrir fjölda móta á hverju ári. Covid hafði tiltölulega lítil áhrif á mótahaldið, en þó þurfti að lágmarka viðveru í skála og gæta að sóttvörnum í samræmi við fyrirmæli yfirvalda og reglur GSÍ. Mótin eru ýmist innanfélagsmót eða opin mót. Mótin eru styrkt af fyrirtækjum í Skagafirði. Innanfélagsmótin eru Hard Wok háforgjafarmót og KK restaurant mót og sem haldin eru vikulega yfir sumarið. Meistaramót GSS er einnig innanfélagsmót og er hápunktur sumarsins, en mótið stendur yfir í 3-4 daga. Holukeppni GSS er sömuleiðis innanfélagsmót, en holukeppnin er skemmtilegt form þar sem tveir keppa og sá sem tapar fellur úr keppni. Opnu mót sumarsins voru Advania, KS, Hlíðarkaup, Steinull, Afmælistmót GSS og Kvennamót GSS. Í barna- og unglíngaflokki stóð GSS fyrir Nýprent Open sem var hluti af Norðurlandsmótaröðinni. Einnig voru vikuleg mót haldin fyrir börn og unglínga. Upplýsingar um sigurvegara mótanna eru á www.golf.is Auk ofangreindra móta voru gullteigamót fyrir þátttakendur á nýliðanámskeiði. Jónsmessumót voru endurvakin sem Sólstöðumót. Þar að auki hafa fyrirtæki og félagsamtök haldið mót á vellinum í samvinnu við GSS. Nefna má árlegt mót Rótarý sem haldið var 8. september, en Rótarýmenn voru frumkvöðlar að stofnun GSS árið 1970. Mótahald stendur enn yfir með síðsumarsmótum í september.

Sumarið 2020 var á þörtum litað af heimsfaraldri Covid 19 og hafði það áhrif á mótahald sérstaklega þegar líða tók á sumarið þegar mótum var frestað og leikið með hliðsjón af sérstökum Covid reglum í mótum. Það verður þá að taka það fram að mótsgestir voru til fyrirmyndar og tóku öllu með jafnaðargeði, voru þetta vissulega krefjandi aðstæður fyrir mótahald. Ekki aðeins var um heimsfaraldur að ræða golfsumarið 2020 heldur var innleitt nýtt kerfi golfbox sem tók við að eldra kerfi golf.is. Þetta kerfi var mótanefnd jafn framandi og öllum öðrum en mótanefnd gerði sitt besta til að læra á kerfi á stuttum tíma og reyndi eftir bestu getu að miðla þekkingu til félagsmanna.

Eins oftast þegar erfiðleikar steðja að koma fram nýjar leiðir til þess að gera hlutina, má segja að með tilkomu golfbox hafi verið einfaldar að takast á við vandamál Covid með skorskráningu leikmanna sjálfra inn á golfbox og er það mat nefndarinnar að það hafi tekist mjög vel. Í framtíðinni mun þessi skráning einfalda til muna alla úrlausn móta og hraða því verulega að úrslit verði klár að móti loknu.

Þáttaka í mótum sumarið 2020 var frábær, hélt aukning þáttöku í kaffi króks mótaröð áfram í sumar, all voru skráð inn 252 skorkort í mótaröðinni og er það aukning um rúmlega 20 frá árinu áður. Þáttaka í opnu mótum félagsins í sumar var einnig með besta móti en alls voru skráningar á opin mót félagsins 314 á sjö opin mót sem gera 45 skráningar á hvert mót sem er vel ásætlanlegt fyrir fámennan klúbb eins og GSS en það er fjölgun um tæplega 30% frá fyrra ári og er það afar ánægjulegt.

Hápunktur hvers tímabils hefur ávalt verið meistarmót GSS en 2020 var ekkert eðlilegt ár og verður að nefna sem annan hápunkt á tímabilinu afar vel heppnað afmælistmót sem fram fór 27. júní, mótið gekk afar vel og var skemmtileg viðbót við mótahald sumarsins. En eins og ávalt var annar hápunktur sumarsins meistarmót GSS en mótið var haldið dagana 8-11 júlí, þátttaka var góð en alls skráðu sig til leiks 41 keppandi. Þar ber helst að nefna sigurvegara ársins og Klúbbmeistara 2020 þau systkynin Arnar Geir og Önnu Karen.



Í meistaramóti GSS í holukeppni voru 22 keppendur í þetta árið og fór það svo að Hildur Heba Einarsdóttir kláraði allar sínar viðureignir með stæl og er því meistari GSS í holukeppni árið 2020.



Mótanefnd þakkar félagsmönnum sérstaklega fyrir þátttöku þeirra í mótum sumarsins, þetta var allt annað en einfalt og margar nýjar áskoranir sem mótanefnd og stjórn GSS fékk að glíma við sumarið 2020. En er það mat nefndarinnar að þetta hafi nú allt tekist á endandum með samvinnu mótanefndar og þátttakenda í mótum og er það afar ánægjulegt.

Að lokum vil ég sérstaklega þakka fyrir mig og hef ég ákveðið að stíga til hliðar sem formaður mótanefndar alla vega að sinni. Það er mikil vinna fólgin í því að að halda utan um mótahald en vissulega er það skemmtilegt einnig. Með nýju fólki og formanni koma nýjar hugmyndir og vil ég óska nýrri stjórn og formanni mótanefndar velfarnaðar í starfi. En þótt ég stígi til hliðar er ég ekki að fara neitt og verð ég tilbúinn til þess að aðstoða nefndina og nýjan formann hennar hvenær sem er sé krafta minna óskað. Takk kærlega fyrir mig.

F.h. mótanefndar,
Andri Þór Árnason

Skýrsla vallarnefndar

Vallarnefnd er skipuð Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður, Guðmundur Þór Árnasson vallarstjóri, Rafn Ingi Rafnsson, Magnús Helgason og Þórður Karl Gunnarsson.

Fundir vallarnefndar hafa verið nokkuð tíðir á árinu sérstaklega fyrripart árs þegar farið var að undirbúa sumarið. Þetta sumar var svolítið sérstakt því að klúbburinn átti 50 ára afmæli og höfðum við nefndarmenn mikinn metnað fyrir því að völlurinn og nærumhverfi yrði í sýnu besta standi.

Völlurinn kom svona þokkalega undan vetri í svona slöku meðallagi, var því nú um að kenna rýsjóttu veðurfari, allmiklum snjóum, hláku og frostaköflum á milli. Er þetta uppskrift af kali á brautum og flötum og skemmdum á trjágróðri. En þetta slapp nú furðu vel og má því þakka hvað menn voru duglegir að grisja trjágróðurinn í haust og áttu þeir veg og vanda af því þeir Sigurjón Gestsson og Kristján Óli Jónsson ásamt fleiri klúbbmeðlimum. Einnig ruku nokkrir vaskir klúbbmeðlimir í að hreinsa snjó af flötum þegar spáð var hláku og náðist að bræða klaka af þeim, held ég að það hafi bjargað miklu. Völlurinn var nú fljótur að koma til þökk sé okkar vallarstarfsmanna sem voru duglegir að sá og bera á skemmdir í vor og var hann orðinn flottur um miðjan júní. Fengum við mikið hrós frá gestum vallarins hvað hann var vel hirtur og í góðu standi.

Það var framkvæmt þónokkuð á árinu. Klárað var að ganga frá aðstöðuhúsi fyrir starfsmenn og er það algjör bylting fyrir þá að hafa kaffi og salernisaðstöðu og upphitað hús til þurrka blautan fatnað. Við fórum einnig í það á vordögum að mæla upp allan völlinn fyrir nýju vallarmati og notuðum við þessar mælingar einnig þegar við útbjuggum ný stórglæsileg skilti á teigana með mynd, vallarvísi og lengdarmælingum. Þórður Karl var yfir hönnuður skiltanna og kom þetta vel út. Einnig útbjuggum við kylfugeymslu og þvottaaðstöðu fyrir meðlimi og var almenn ánægja með þá framkvæmd. Á 1. og 3. braut var farið í trjásnyrtingar og kom Lóa nokkra daga og sá um það verk og hafi hún þökk fyrir það. Á 2. braut var beð norðan við flötina aflagt og þökulagt yfir það, einnig var gerður stígur og smíðaðar nýjar tröppur upp á rauða teiginn. Farið var í að dreina 4. braut fyrir neðan brekkuna og sandgryfjur lagaðar og dreinaðar. Síðan voru teknir í notkun nýir teigar og sandgryfja á 5. brautinni og breytir það mikið ásýnd brautarinna til hins betra að mati vallarnefndar. Var þessi framkvæmd svolítið umdeild en vonandi eru iðkendur séu búnir að taka hana í sátt þeir sem voru efins. Á 8. brautinni var fyllt upp í litla skurðinn fyrir framan rauðateiginn. Tekinn var einnig í notkun nýr rauður teigur á 9. og lagður göngustígur að honum.

Mér finnst að við megum vera stolt af vellinum okkar hvað hann er vel hirtur og skemmtilegur að spila hann. Vallarsvæðið er orðið mikið gróið skjólgott og fallegt. Þetta gerist ekki að sjálfum sér og liggur mikil vinna bak við þetta hjá vallarstarfsmönnum undir styrki stjórn Guðmundar Þórs sem er vakinn og sofinn yfir þessu, ásamt fjölda sjálfboðaliða sem eru boðnir og búnir til að leggja hönd á plóg.

Fyrir hönd vallarnefndar

Guðmundur Ágúst Guðmundsson

Skýrsla barna- og unglínganefndar GSS 2020

Í nefndinni störfuðu Helga Jónína Guðmundsdóttir formaður, Sýlvía Dögg Gunnarsdóttir, Róbert Óttarsson, Magnús Barðdal Reynisson, Sigríður Garðarsdóttir og Margrét Helga Hallsdóttir.

Þrátt fyrir að óhætt sé að segja að árið hafi verið skrítið á flestan hátt þá getum við svo sannarlega þakkað fyrir svo margt og þá m.a. hversu lítil röskun varð þó á starfi barna- og unglínganefndar.

Eins og undanfarin ár var unglínganefndin með vikulegar æfingar fyrir börn og unglínga síðastliðinn vetur og hófust þær í byrjun janúar, en hlé var gert á æfingum frá 15. mars til maíbyrjunar vegna sóttvarnaraðgerða. Vikulegar æfingar voru úti á æfingasvæði klúbbsins í maí og stóðu yfir þar til sumaræfingarnar tóku við í júníbyrjun. Héldum við okkur við þrjá aldursskipta hópa. Krakkar í 1.-3. bekk mættu á þriðjudögum frá 16:30-17:20, 4.-5. bekkur mættu svo sömu daga frá kl. 17:30-18:30 en 6. bekkur og eldri mættu á miðvikudögum frá 18:00-19:30. Mjög vel var mætt á þessar æfingar. Telma Ösp Einarsdóttir og Arnar Freyr Guðmundsson sáu um inniæfingarnar þetta tímabil.



Snemma árs fóru krakkar úr elsta æfingahópnum saman tvö og tvö inn í alla bekki á yngsta- og miðstigi Árskóla, þau kynntu vetrarstarf klúbbsins og dreifðu blöðum með upplýsingum um æfingatíma og fl.

Til stóð að hefja sumarið á því að fara í æfinga- og skemmtiferð til Danmerkur og heimsækja klúbbinn hans Óla Barðdal í Árósum, en snemma í mars var tekin ákvörðun um að fresta ferðinni um ár sökum aðstæðna. Krakkarnir voru búin að vera dugleg að safna fyrir ferðinni. Þau eru búin að fá styrki frá Arion banka, Landsbankanum og FISK. Sauðárkróksbakarí hefur stutt ríkulega við bakið á þeim, gefið þeim hráefni í pizzukúlur og lánað þeim aðstöðu. FISK gaf krökkunum einn sekk af grófu salti. Þar að auki voru klúbbfélagar, vinir, fjölskyldur og bæjarbúar einstaklega viljugir við að kaupa jólasokka, salt og pizzudeig af krökkunum.

Golfskólinn fór af stað í byrjun júní, var þátttaka virkilega góð í sumar og nýir iðkendur bættust í hópinn.

Golfkennsla þetta sumarið var með svipuðu sniði og í fyrrasumar. Atli Freyr Rafnsson leiðbeindi 11 ára og eldri unglíngum en Gestur Sigurjónsson sá um að leiðbeina yngri iðkendum ásamt þeim Rebekku Helenu B. Róbertsdóttur, Tómasi Bjarka Guðmundssyni og Unu Karen Guðmundsdóttur.

Að auki var Arnar Geir með tækniæfingar einu sinni í viku í sex vikur fyrir þau sem eru lengra komin.

Þórður Rafn Gissurarson golfkennari og fyrrverandi atvinnukylfingur kom til okkar tvisvar í sumar og var með kennslu fyrir börnin og unglíngana, auk þess sem hann bauð upp á kennslu fyrir fullorðna. Krakkarnir fjölmenntu á æfingarnar og höfðu gagn og gaman af. Eftir seinni heimsóknina tók Þórður Rafn saman skýrslu fyrir okkur þar sem hann fór yfir stöðuna hjá okkur, veitti okkur góð ráð og kom með hugmyndir að enn frekari uppbyggingu starfsins og æfingasvæðisins. Hann telur mikinn efnivið í ungum kylfingum klúbbsins og hvatti okkur til að finna fleiri leiðir til að styðja enn betur við þau. Búið er að ræða við Þórð um

áframhaldandi samstarf næsta sumar og er hann mjög jákvæður fyrir því og með ýmsar hugmyndir að útfærslu.

Nýprent mótið var haldið sunnudaginn 14. júní. Þátttakendur voru 68 talsins frá Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð auk heimafólks og gekk mótið í alla staði vel. Mótið er hluti af Norðurlandsmótaröðinni sem er samstarfsverkefni GSS, GFB, GHD og GA. GSS átti 30 keppendur á mótaröðinni og stóðu þau sig með þryði. Anna Karen Hjartardóttir var Norðurlandsmeistari í flokki 15-16 ára stúlkna, Tómas Bjarki í þriðja sæti í flokki 13-14 ára stráka og Hildur Heba Einarsdóttir var í 2. sæti í flokki 17-18 ára stúlkna.

Íslandsmót golfklúbba 15 ára og yngri fór fram dagana 25.-27. júní á Garðavelli Akranesi. Golfklúbbur Skagafjarðar átti þar flotta fulltrúa og sendi bæði drengja og stúlkna sveit til keppni en síðast náðum við því árið 2017.

Drengjasveitin endaði í 13. sæti. Sveitina skipuðu þeir Alexander Franz Þórðarson, Axel Arnarsson, Bjartmar Dagur Þórðarson, Hallur Atli Helgason og Tómas Bjarki Guðmundsson. Liðsstjóri var Atli Freyr Rafnsson.

Stúlkna sveitin var sameiginleg með Golfklúbbum Hamri Dalvík og enduðu þær í 5. sæti. Sveitina skipuðu Anna Karen Hjartardóttir, Dagbjört Sísí Einarsdóttir, Rebekka Helena B. Róbertsdóttir, Una Karen Guðmundsdóttir og Magnea Ósk Bjarnadóttir GHD. Liðsstjóri var Bjarni Jóhann Valdimarsson GHD.



Krakkarnir sýndu samstöðu, leikgleði og þróðmennsku á vellinum og voru klúbbum sínum til mikils sóma. Að senda sveitir á Íslandsmótið er mikilvægur þáttur í starfinu, ekki einungis veitir það þátttakendum reynslu og leikþjálfun það er líka mikilvæg innspýting og hvatning inn í allt starfið.

Meistarmót barna og unglíngna var haldið dagana 6.-8. júlí með 15 þátttakendum.

Úrslit voru eftirfarandi:

11-15 ára (léku 9 holur, rauðir teigar, 3 daga)

1. Axel Arnarsson 149 högg
2. Bjartmar Dagur Þórðarson 168 högg
3. Dagbjört Sísí Einarsdóttir 176 högg

Byrjendaflokkur II, 8-11 ára (léku 9 holur, gylltir teigar, 3 daga)

1. Gígja Rós Bjarnadóttir 129 högg
2. Emilía Ragnheiður Róbertsdóttir 132 högg

3. Pálína Petra B. Magnúsdóttir 163 högg

Byrjendaflokkur I, 5-8 ára (léku 9 holur, gylltir teigar, 2 daga)

1. Gunnar Atli Þórðarson 83 högg
2. Guðni Bent Helgason 84 högg
3. Brynjar Morgan Brynjarsson 86 högg

Að auki kepptu 6 unglíngar í Meistarmóti GSS sem fór fram 8.-11. júlí og náðu þau góðum árangri:

Meistaraflokkur kvenna (léku 18 holur, 4 daga)

1. Anna Karen Hjartardóttir 342 högg, klúbbmeistari
2. Hildur Heba Einarsdóttir 345 högg

Fyrsti flokkur kvenna (léku 18 holur, 4 daga)

1. Rebekka Helena B. Róbertsdóttir 380 högg
2. Una Karen Guðmundsdóttir 409 högg

Annar flokkur karla (léku 18 holur, 3 daga)

2. Tómas Bjarki Guðmundsson 300 högg
4. Alexander Franz Þórðarson 312 högg



Þann 20. júlí var skellt í Speed-golfmót og spreyttu krakkarnir sig á 9. braut. Mjög vel var mætt og stóðu þau sig mjög vel. Að mótinu loknu var haldin verðlaunaafhending, annarsvegar fyrir frammistöðu dagsins og hinsvegar fyrir meistaramótið. Að verðlaunaafhendingu lokinni gæddu börn og foreldrar sér á pizzum.

Þar sem aðstæður þetta haustið buðu ekki upp á haustferð með hefðbundnu sniði var brugðið á það ráð að slá saman haustferð og uppskeruhátíð sumarstarfsins

og bjóða börnunum upp á skemmtilegan dag á heimaslóðum. Tókst það vel til og átti barna- og unglínganefndin frábæran dag með krökkunum þriðjudaginn 6. október og var ekki annað að sjá en að þau hefðu mjög gaman af. Eftir skemmtileg tilþrif í frísbýgolfi hélt hópurinn upp í golfskála, þar sem allir fengu veitingar og viðurkenningarskjal fyrir sumarið. Að því loknu var farið í Króksbíó og horft á skemmtilega fjölskyldumynd.

Á uppskeruhátíðinni voru bikarar afhentir fyrir bestu ástundun og mestu framfarir í flokkunum 10 ára og yngri og svo 11 ára og eldri en venju samkvæmt sáu leiðbeinendur um valið. Viðurkenningu fyrir bestu ástundun í yngri hópnum hlutu Grétar Freyr Pétursson og Gígja Rós Bjarnadóttir en Gísli Kristjánsson og Dagbjört Sísí Einarsdóttir í eldri hópnum. Viðurkenningu fyrir mestu framfarir í yngri hópnum hlutu Guðni

Bent Helgason og Nína Júlía Þórðardóttir en Tómas Bjarki Guðmundsson og Una Karen Guðmundsdóttir í eldri hópnum.



Við viljum þakka þeim fjölmörgu sem lögðu til hjálparhönd í starfinu í sumar, stjórn klúbbsins sem studdi okkur dyggilega, foreldrum og öðrum sjálfboðaliðum. Öflugt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða gerir okkur kleift að halda úti öflugum barna- og unglíngastarfi og vonum við að svo verði áfram. Þeim Atla Frey, Gesti, Arnari Geir, Rebekku Helenu, Tómasi Bjarka og Unu Karen færur við kærar þakkir fyrir þjálfunina í sumar, þau sinntu henni vel og ungu kylfingarnir okkar mættu vel á æfingar hjá þeim, skemmtu sér og sýndu góðar framfarir.

F.h. barna- og unglínganefndar
Helga Jónína Guðmundsdóttir

Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar

Nefndina skipuðu: Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður, Hafdís Skarphéðinsdóttir, Herdís Sæmundardóttir, Guðrún Björg Guðmundsdóttir og Erna Baldursdóttir.

Það má svo sannarlega segja að afmælisárið hafi á margan hátt verið ár nýliðanna í Golfklúbbnum. Metþátttaka var á nýliðanámskeiðinu í vor, eða um 40 manns. Kennt var í tveimur hópum þar sem Atli Freyr Rafnsson og Árný Lilja Árnadóttir sáu um kennsluna. Einnig sá Kristján Bjarni Halldórsson um að kenna einum hóp sem var á sunnudögum. Það var virkilega gaman að sjá hversu margir úr þessum hópi voru duglegir að taka þátt í háforgjafarmótunum og að spila á vellinum sér til gamans og yndisauka. Það má segja að nokkuð margir nýliðar séu orðnir vel virkir kylfingar í klúbbnum. Námskeiðið endaði á því að við héldum 9 holu vanur/óvanur mót sem er alltaf jafn skemmtilegt. Eftir mótið var svo boðið upp á pizzu frá Hard Wok. Einnig héldum 2 gullteigamót fyrir þau sem voru á nýliðanámskeiðinu.

Helsta verkefni nefndarinnar hefur verið að sjá um Hard Wok háforgjafarmótin. Við héldum 10 mót sem Hard Wok hefur styrkt með miklum myndarskap undanfarin ár. Sigurvegarar mótanna fengu gjafabréf frá þeim í verðlaun. Það voru 9 mismunandi sigurvegarar í mótunum 10. Þeir voru Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir. Hanna Dóra Björnsdóttir, Guðný Sif Gunnarsdóttir, Díana Dögg Hreinsdóttir, Dagbjört Sísi Einarsdóttir, Gísli Kristjánsson, Helgi Freyr Margeirsson, Sýlvía Dögg Gunnarsdóttir og Margrét Helga Hallsdóttir en hún sigraði í tveimur mótum. Spilamennskan var oft á tíðum góð og oftast en ekki var sigurvegarinn með forgjafarlækkun. Venjulega höfum við haft nokkurs konar uppskeruhátíð eftir síðasta mót sumarsins þar sem við höfum snætt dýrindis mat frá Hard Wok og veitt hafa verið verðlaun fyrir hin ýmsu afrek sumarsins. Því miður gátum við ekki haldið það í ár vegna Covid 19.

Þátttakan í mótunum var mjög góð og frábært var að sjá hversu margir nýir kylfingar bættust í hópinn. Við ákváðum að halda áfram að bjóða þeim kylfingum sem eru með lægra en 30 í forgjöf að taka þátt í mótunum en þeir geta ekki unnið til verðlauna. Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á þennan kost þar sem nokkuð var um það að heilu fjölskyldurnar voru að taka þátt í mótunum og þetta er jú fjölskyldusport. Háforgjafarmótin hafa sannað gildi sitt og hversu mikilvæg þau eru fyrir nýliða. Þessi mót gefa kylfingum öryggi og sjálfstraust til að fara út á völl að spila og taka þátt öðrum mótum á vegum Golfklúbbsins.

Þetta hefur verið frábært golfsumar, þó að margt hafi verið öðruvísi en venjan er vegna ástandsins í samfélaginu. Nýliðar létu það ekkert á sig fá og margir hverjir voru mjög duglegir við að spila og tóku miklum framförum. Er viss um að flestir nýliðar bíða spenntir eftir næsta sumri þar sem markmiðið verður að gera enn betur en í ár.

Að lokum langar okkur að þakka Atla Frey, Árný Lilju og Kristjáni Bjarna fyrir að sjá um golfkennsluna. Öllum þeim sem tóku þátt í vanur/óvanur mótinu og að sjálfsögðu Hard Wok fyrir að styrkja háforgjafarmótaröðina. Kærar þakkið öll.

Fyrir hönd kynningar- og nýliðanefndar,
Dagbjört Rós Hermundsdóttir

Skýrsla forgjafarnefndar

Vallarmat

Í sumar var Hlíðarendavöllur endurmetinn og í þeim tilgangi komu fulltrúar vallarmatsnefndar GSÍ tvisvar til að framkvæma úttekt. Undirbúningsvinna við vallarmatið fólst í að skrifa greinagerð um breytingar á vellinum frá síðasta mati og koma á framfæri niðurstöðum lengdarmælinga sem vallarnefnd framkvæmdi á öllum brautum. Jafnframt fóru vallarstarfsmenn yfir ástand fastra teigmerkinga, en mikil áhersla er á að þessir viðmiðunarpunktar lengdarmerkinga séu sýnilegir þegar matið fer fram. Enn er beðið eftir lokaniðurstöðu vallarmatsins og því var spilað til forgjafar allt sumarið út frá vallarmati frá 2015.

Nokkur atriði um nýtt forgjafarkerfi - WHS

Þann 1. mars 2020 var nýtt forgjafakerfi tekið í notkun eftir að tekist hafði að sameina sex mismunandi kerfi í eitt sem gildir fyrir allan heiminn og er kallað „World Handicap System“, skammstafað WHS. Hinn almenni kylfingur þarf ekki að vita hvernig forgjöfin er reiknuð en fyrir áhugasama eru hér nokkur hugtök úr nýju forgjafarkerfi útskýrð í stuttu máli.

Meðaltalsregla

Forgjöfin reiknast út frá 8 bestu af síðustu 20 hringjum. 9 holu hringir reiknast til forgjafar. Ef tiltækir golfhringir eru færri en 20, t.d. þegar kylfingur byrjar aftur eftir nokkura ára hlé, þá er meðaltal hringja sem telja til forgjafar reiknað skv. eftirfarandi töflu. Hugtakið „skormismunur“ er skýrt hér að neðan.

Skormismunir á skoryfirliti	Skormismunir sem skal nota við útreikning forgjafar	Leiðrétting
1	Lægsti 1	-2
2	Lægsti 1	-2
3	Lægsti 1	-2
4	Lægsti 1	-1
5	Lægsti 1	0
6	Meðaltal af lögstu 2	-1
7 eða 8	Meðaltal af lögstu 2	0
9 til 11	Meðaltal af lögstu 3	0
12 til 14	Meðaltal af lögstu 4	0
15 eða 16	Meðaltal af lögstu 5	0
17 eða 18	Meðaltal af lögstu 6	0
19	Meðaltal af lögstu 7	0
20	Meðaltal af lögstu 8	0

Endurútgáfa forgjafar

Til að fá endurútgafna forgjöf fyrir leikmann er hægt að velja eina af eftirfarandi þremur leiðum:

- A. Endurútgafa forgjöf í samræmi við þá getu sem forgjafarnefnd metur að leikmaður sýni á þeim tíma. Algengt er að biðja um 3 skorkort frá leikmanni til að hægt sé að reikna forgjöf út frá töflunni að ofan. Mælt er með þessari leið, þ.e. að spila og skila inn sem flestum skorkortum.
- B. Skrá forgjöf eins og leikmaðurinn sé byrjandi í golfi, þ.e. setja forgjöfina í 54 sem er hámarksforgjöf.

C. Endurútgefa síðustu skráðu forgjöf.

Ekki þarf að tilkynna hring fyrirfram

Það má fara og spila og skrá skor eftirá.

Viðurkennd leikform

Skor er gilt til forgjafar sé leikið samkvæmt golfreglum og viðurkenndum leikformum.

Leiðrétt brúttó skor og skormismunur

Á forgjafaryfirliti er gefið upp „**leiðrétt brúttó skor**“ fyrir hvern hring. Þessa tala er notuð til að reikna „**skormismun**“ sem einnig er nýtt hugtak.

Leiðrétt brúttó skor er samanlagt skor með þeirri undantekningu að ef skráðar hafa verið „sprengjur“ eða kylfingur hefur x-að, þá reiknast skor á þeirri holu sem lægsta skor sem gefur engan punkt.

Dæmi: Kylfingur skráir 10 högg á holu, þar sem 7 högg gæfu 1 punkt, þá er Leiðrétt brúttó skor 8 á holunni.

Skormismunur segir til um hve langt frá forgjöf uppgefið skor er. Við útreikning á skormismun er tekið tillit til ytri aðstæðna PCC. Á forgjafaryfirliti er skormismunur gefin upp með einum aukastaf.

Leiðrétt skor - PCC

PCC (Playing Conditions Calculation) er tölfræðileg niðurstaða sem ákvarðast af því hvort leikaðstæður á leikdegi voru frábrugðnar eðlilegu ástandi. PCC getur verið frá -1 til +3. Yfir daginn þarf að lágmarki 8 skorkort frá leikmönnum með undir 36 í forgjöf til að reikna PCC.

Af einhverjum ástæðum virðist leiðréttingin ekki virk, en undirritaður hefur ekki séð PCC reiknað á Hlíðarendavelli sumarið 2020. PCC reiknast ekki eingöngu út frá mótsskorum, heldur ákvarðast það af öllum hringjum dagsins. Þess vegna er ekki hægt að uppfæra forgjöf strax eftir mót, heldur verður að bíða þar til í lok dags þegar öll skor hafa skilað sér, bæði úr mótum og öðrum skráðum hringjum.

Framúrskarandi skor

Ef kylfingur leikur einstaklega vel, þannig að skormismunur er 7-9,9 högg undir forgjöf þá er forgjöf lækkuð aukalega um 1 högg. Ef skormismunur er 10 högg eða meira frá forgjöf verður aukaleg lækkun 2 högg.

Lágforgjöf

Lægsta forgjöf sem leikmaður hefur verið með á 12 mánaða tímabili miðað við þann dag sem nýjasti hringur sem er á skoryfirliti var leikinn kallast lágforgjöf. Það þarf 20 hringi á forgjafaryfirliti til að fá úthlutaða lágforgjöf.


Lágþak og Háþak

Þetta eru hugtök sem eru notuð til takmörkunar á hækkun forgjafar. Það þarf 20 hringi til að þessir útreikningar séu gerðir þar sem lágþak og háþak er reiknað út frá lágforgjöf.


- Ekki er hægt að hækka meira en 5 högg frá lágforgjöf.
- Lágþaki er náð þegar munur á nýútgefinni forgjöf og lágforgjöf er 3 eða meira. Eftir það reiknast hækkun aðeins að hálfu leiti.
- Háþak takmarkar hækkun forgjafar við 5 högg frá lágforgjöf.

Tölfræði

Þróun meðal forgjafar bestu 5 og bestu 20 kylfinga GSS.



Félögum í GSS sem eru með forgjöf undir 36 hefur verið að fjölga síðustu árin !



Greining skorkorta

Notuð voru 654 skorkort í þessa greiningu, sem er svipaður fjöldi og var til grundvallar fyrir útreikninga árána 2018 og 2019. Meðalskorið 2020 var 97 sem er lægra en síðustu 4 ár.

	2016	2017	2018	2019	2020
Meðalskor	101	99	100	99	97

Það er vafasamt að draga miklar ályktanir af meðalskori milli ára þar sem aðstæður eru ekki sambærilegar frá ári til árs, en þetta er a.m.k. vísbending um að skor hafi verið óvenjulega góð sl. sumar og/eða að völlurinn hafi verið léttari.

Það er áhugavert að skoða erfiðleikaröðun á holunum fyrir hvert sumar. Breytingar urðu á „erfiðleikaröðun“ milli árána 2019 og 2020. Hér er þetta talið upp þannig að léttasta holan er fyrst;


Sumarið 2019: 7, 3, 6, 9, 2, 8, 5, 4, 1.

Sumarið 2020: 3, 7, 6, 5, 9, 8, 2, 4, 1.

Léttustu 3 holurnar eru 3, 6 og 7 eins og undanfarin ár. Meðalskor á 3. og 7. breyttist lítið en stytting á rauðum teig á 6. holu virðist hafa gert kylfingum sem leika þaðan auðveldara fyrir.

Sumarið 2020 voru erfiðustu 3 holurnar 2, 4 og 1. Önnur holan er núna þriðja erfiðasta hola vallarins og athyglivert að hún virðist vera að þyngjast milli ára.

Mesta breytingin er án efa að 5. holan léttist um hálf högg milli ára.



Rafn Ingi Rafnsson
Form. forgjafarnefndar

Lög Golfklúbbs Skagafjarðar – fyrir aðalfund 2020

1.grein

Félagið heitir Golfklúbbur SKagafjarðar. Heimilifang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að G.S.Í. og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

2.grein

Við golfleik skal á svæði/ velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félaga ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvellinum og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbum.

3.grein

Félagið er öllum opið. Inntökugjald er ákveðið af aðalfundi hverju sinni.

4.grein

Erlendir ríkisborgarar geta sótt um inngöngu í klúbbinn. Erlendi ríkisborgarar búsettir hér um stundarsakir greiði sömu gjöld og Íslendingar til klúbbsins. Erlendir ríkisborgarar sem ekki eru búsettir hér á landi greiða árgjald eða ævigjald samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Erlendir ríkisborgarar bera sömu réttindi og skyldur og aðrir klúbbsmeðlimir nema hvað þeir hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundum eða almennum félagsfundum. Þá eiga þeir ekki aðild að G.S.Í. eða Í.S.Í. Farandverðlaun sem þeir kunna að vinna skulu varðveitt í klúbbhúsinu.

5.grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrir gert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að tka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

6.grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypiss aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

7.grein

Stjórn klúbbsins skipa 7 menn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, form. mótanefndar, form. vallanefndar og form. unglínganefndar. Þeir skulu kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þrjár á hverju ári. Einnig skal kjósa 3 varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Endurkjósa má alla stjórnarmenn, en ekki eru þeir skyldugir að gefa kost á sér til endurkjörs.

8.grein

Stjórn ákveður sjálf starfstilhögun sína sbr. 9. gr. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagsjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórnin kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þó þarf samþykki félagsfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér. Stjórnin getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórnin skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

9.grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir: 1. Mótanefnd, 2. Vallarnefnd, 3. Forgjafarnefnd, 4. Aganefnd, 5. Unglinganefnd, 6. Húsnefnd, 7. Fjáröflunarnefnd, 8. Kynningar og nýliðanefnd, 9. Skemmtinefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera 3 – 5 menn, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum G.S.Í. en aðrar skv. fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar.

10.grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga, eða breytinga á starfsháttum skulu hafa borist fyrir 10.október ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

11.grein

Reikningsár klúbbsins er 1.nóvember til 31.október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

12.grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 9.grein.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á Golfþing G.S.Í og þing U.M.S.S.
8. Ákvörðun inntökugjalds
9. Ákvörðun félagsgjalda
10. Önnur mál.

13.Grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar, sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

14.Grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.

15.Grein

Þannig samþykkt á aðalfundi 24.nóvember 2011.

Tillaga um breytingu á lögum GSS

Lagt er til að 3. gr. verði breytt, að 4. gr. verði felld úr lögnum og þá breytast í samræmi við það númer þeirra greina sem á eftir koma. Þá eru lagðar til breytingar á 5., 7., 8., 9., 10. og 12. gr.

Auk þess eru gerðar smávægilegar leiðréttingar svo sem að G.S.Í. er nú ritað GSÍ en ekki eru efni til að gera sérstaklega grein fyrir slíkum sjálfsögðum leiðréttingum.

1) Lögð er til breyting á 3. gr. sem nú hljóðar svo: Félagið er öllum opið. Inntökugjald er ákveðið á aðalfundi hverju sinni.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi. Félagið er öllum opið.

Greinargerð með 3. gr.

Ekki þykja efni til að hafa sérstakt ákvæði í þessari grein um inntökugjald. Slíkt gjald hefur ekki verið innheimt í fjölda ára. Þvert á móti hefur nýliðum verið gefinn afsláttur. Ákvæði um inntökugjald ætti því frekar að taka um leið og félagsgjöld eru ákveðin. Í samræmi við þetta myndi 8. liður á dagskrá aðalfundar, sbr. 12. gr. falla út.

2) Lagt er til að 4. gr. verði felld úr lögum félagsins en hún er svohljóðandi:

4. gr. Erlendir ríkisborgarar geta sótt um inngöngu í klúbbinn. Erlendir ríkisborgarar búsettir hér um stundarsakir greiði sömu gjöld og Íslendingar til klúbbsins. Erlendir ríkisborgarar sem ekki eru búsettir hér á landi greiða árgjald eða ævigjald samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Erlendir ríkisborgarar bera sömu réttindi og skyldur og aðrir klúbbsmeðlimir nema hvað þeir hafa ekki atkvæðisrétt á aðalafundum eða almennum félagsfundum. Þá eiga þeir ekki aðild að G.S.Í. eða Í.S.Í. Farandverðlaun sem þeir kunna að vinna skulu varðveitt í klúbbhúsinu.

Greinargerð með 4. gr.

Ekki þykir ástæða til að hafa í lögum klúbbsins sérstaka grein um aðild erlendra ríkisborgara. Þá má nefna að reglur EES-samningsins heimila ekki mismunun á ríkisborgurum þeirra landa sem undir þann samning falla. Verði þessi samþykkt breytt lækkar númer þeirra greina sem á eftir koma.

3) 5. gr., sem verður 4. gr., er nú svohljóðandi:

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

Lagt er til að greinin hljóði svo:

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Stjórn ákveður fyrirkomulag innheimtu árgjalda. Þeir sem ekki greiða árgjald, eða semja um greiðslu þess, innan þeirra tímamarka sem stjórn ákveður teljast ekki lengur félagsmenn og skulu þeir felldir út af félagaskrá.

Greinargerð með breytingu á 5. gr.

Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi að fenginni tillögu stjórnar. Á liðnum árum hafa orðið miklar breytingar á möguleikum til innheimtu gjalda hverju nafni sem þau nefnast. Þykir því ekki ástæða til að í lögum

félagsins sé ákvæði í þá veru að klúbburinn hafi sérstakar reglur, samþykktar á aðalfundi, til innheimtu félagsgjalda. Eftir sem áður getur aðalfundur tekið ákvörðun um fyrirkomulag á innheimtu félagsgjalda. Sú almenna regla gildir hjá GSÍ að þeir sem ekki eru skráðir félagar í golfkúbbi hafi ekki rétt til þátttöku í mótum og hafa þeir því ekki keppnisrétt. Þykir því ástæðulaust að mæla fyrir um þetta í lögum klúbbsins. Rétt þykir að stjórn hafi heimild til að ákveða tímamörk á greiðslu félagsgjalda því klúbbum er skylt að greiða gjald til GSÍ af öllum félögum eldri en 16 ára, nú 10.000 krónur. Er því mikilvægt að hafa ekki á skrá félagsmenn sem ekki greiða árgjald sitt en gjaldið til GSÍ miðast við skráða félagsmenn. Ástæðulaust er að hafa ákvæði um skriflega úrsögn þar sem litið verður svo á að þeir sem ekki standa skil á árgjaldi teljast ekki til meðlima klúbbsins.

4) 6. gr. verður 5. gr. (þarfnast ekki skýringar)

5) 7. gr. er nú svohljóðandi:

Stjórn klúbbsins skipa sjö menn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, form. mótanefndar, form. vallanefndar og form. unglínganefndar. Þeir eru kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þrjár á hverju ári. Einnig skal kjósa 3 varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Endurkjósa má alla stjórnarmenn, en ekki eru þeir skyldugir til að gefa kost á sér til endurkjörs.

Lagt er til að 7. gr., sem verður 6. gr. hljóði svo:

Stjórn klúbbsins skipa átta einstaklingar: Formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og formenn mótanefndar, vallarnefndar, barna- og unglínganefndar og kynningar- og nýliðanefndar. Þeir eru kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, fjórir á aðalfundi 2020, þrjár á aðalfundi 2021. Einnig skal kjósa þrjú varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Ekki eru takmörk á því hversu oft má kjósa sama einstakling til setu í stjórn.

Jafnframt er lagt til svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 2020 skal kjósa til tveggja ára formenn móta-, vallar og kynningar- og nýliðanefnda og gjaldkera. Síðan skal á aðalfundi 2021 kjósa til tveggja ára formann barna- og unglínganefndar, varaformann og ritara og síðan koll af kalli.

Greinargerð með tillögu að breytingu á 7. gr.

Á undanförunum árum hefur kynningar- og nýliðanefnd unnið mikið og gott starf. Þykir því rétt að sá sem gegnir formennsku í nefndinni eigi sæti í stjórn klúbbsins. Jafnframt er að því stefnt að starfi ritara verði breytt frá því sem nú er og honum falin aukin verkefni. Um leið mun verkefnum ritara vegna kynningar- og nýliðanefndar fækka. Þar sem nú er verið að fjölga í stjórninni þarf fyrst að kjósa fjóra stjórnarmenn og síðan þrjú enda ráð fyrir því gert að hver stjórnarmaður sitji í stjórn í tvö ár í senn. Einnig er lagt til að nafni Unglínganefndar verði breytt og hún heiti hér eftir barna- og unglínganefnd. Óþarft þykir að mæla svo fyrir í lögum félagsins að einstaklingar ráði því sjálfir hvort þeir gefi kost á sér til endurkjörs og því lagt til að það ákvæði falli niður.

Ákvæði til bráðabirgða er til komið í samræmi við núverandi setu formanna nefnda og annarra stjórnarmanna og til þess að fyrir liggja hverja skal kjósa á næsta aðalfundi en það er nauðsynlegt vegna fjölgunar í stjórn.

6) 8. gr. er nú svohljóðandi:

Stjórn ákveður sjálf starfstílhögun sína sbr. 9. gr. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagssjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórn kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varðar. Þó þarf samþykkt félagsfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér. Stjórnin getur tilnefnt heiðursfélag ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái

hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórnin skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

Lagt er til að 8. gr. sem verður 7. gr. hljóði svo:

Stjórn ákveður sjálf starfstilhögun sína. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd út félagsjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórn kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þó þarf samþykkt félags- eða aðalfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér.

Stjórn skal boða til félagsfundar með sama hætti og til aðalfundar ef 15% félagsmanna krefjast þess skriflega eða á annan sannanlegan hátt. Berist krafa um boðun félagsfundar skal hann haldinn innan sjö daga frá því að slík krafa berst.

Stjórn getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórn skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

Greinargerð með tillögu að breytingu að 8. gr. semverður 7. gr.

Hér er meginbreytingin sú að lagt er til að stjórn hafi skýra heimild til að boða til félagsfundar og jafnframt að ákveðinn hundradshluti félagsmanna geti krafist þess að slíkur fundur sé haldinn. Í núgildandi lögum er ekki fjallað um boðun félagsfunda þó þar sé gert ráð fyrir að slíka fundi sé unnt að halda.

7) 9. gr. er nú svohljóðandi:

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir: 1. Mótanefnd, 2. Vallarnefnd, 3. Forgjafarnefnd, 4. Aganefnd, 5. Unglinganefnd, 6. Húsnefnd, 7 Fjáröflunarnefnd, 8. kynningar- og nýliðanefnd, 9 Skemmtinefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera 3 - 5 menn, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum G.S.Í en aðrar samkvæmt fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar.

Lagt er til að 9. gr., sem verður 8. gr., hljóði svo:

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd, vallarnefnd, forgjafarnefnd, aganefnd, barna- og unglinganefnd, kynningar- og nýliðanefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera þrjú til fimm einstaklingar, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum GSÍ en aðrar samkvæmt fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar Stjórn hefur heimild til að skipa aðrar nefndir eins og henta þykir. Nefndir skulu skila stjórn yfirliti yfir störf liðins starfárs eigi síðar en 30. október ár hvert.

Greinargerð með tillögu að breytingu á 9. gr.

Á undanförunum árum hafa þær nefndir sem lagt er til að felldar verði úr lögum klúbbsins ekki verið skipaðar. Þykir því hentugra að geta þeirra ekki í lögum klúbbsins en um leið veita stjórn skýra heimild til að skipa nefndir eftir því sem þurfa þykir hverju sinni. Jafnframt þykir rétt að í lögnum sé ákvæði í þá veru að nefndum sé skylt að skila skýrslum til stjórnar tímanlega fyrir aðalfund. Loks er lagt til að nafni unglinganefndar verði breytt í barna- og unglinganefnd sem er betur lýsandi fyrir starfssvið nefndarinnar. Loks þykir rétt að hafa í lögum klúbbsins að nefndir skuli skila stjórn yfirliti vegna liðins starfsárs.

8) 10. gr. er svohljóðandi:

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga, eða breytinga á starfsháttum, skulu hafa borist til stjórnar klúbbsins fyrir 10. október ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

Lagt er til að 10. gr., sem verður 9. gr., hljóði svo.

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist til stjórnar klúbbsins fyrir 1. nóvember ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

Greinargerð með breytingu á 10. gr.

Hér er lagt til að fellt verði á brott „,eða breytinga á starfsháttum,“ Ákvæði þetta er afar óljóst og raunar verður ekki séð að í lögum klúbbsins sé vikið að tilteknum starfsháttum. Ákvarðanir um tiltekna starfshætti má hins vegar taka á aðalfundi og ekki efni til að tillögur um slíkt skuli gera með löngum fyrirvara.

11. gr. verður 10. gr. (þarfnast ekki skýringa.)

9) Breyting á 12. gr., sem verður 11. gr.

Í samræmi við tillögu um niðurfellingu inntökugjalds sem mælt er fyrir um í 3. gr. er lagt til að 8. liður í störfum aðalfundar falli út. Um leið verður ákvörðun félagsgjalda 8. liður á dagskrá aðalfundar og önnur mál 9. Þessi breyting þarfnast ekki frekari skýringa.

13. gr. verður 12. gr. (þarfnast ekki skýringa)

14. gr. verður 13. gr. (þarfnast ekki skýringa)

Stjórn og nefndir starfsárið 2020

Formaður, 2020: Kristján Bjarni Halldórsson

Varaformaður, 2020-2021: Halldór Halldórsson ^(1/2)

Ritari, 2020-2021: Dagbjört Rós Hermundsdóttir ^(1/2)

Gjaldkeri, 2020 -2021: Kristján Eggert Jónasson ^(2/2)

Varamenn í stjórn:

Hjalte Árnason

Guðmundur Ragnarsson

Róbert Óttarsson

Mótanefnd:

Andri Þór Árnason, form. 2019-2020 ^(2/2)

Hjalte Árnason

Kristbjörg Kemp

Pétur Björnsson

Ragnheiður Matthíasdóttir

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2019-2020 ^(2/2)

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Magnús Helgason

Rafn Ingi Rafnsson

Þórður Karl Gunnarsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, form.

Reynir Barðdal

Stefán Pedersen

Unglinganefnd:

Helga Jónína Guðmundsdóttir, form. 2020-2021 ^(1/2)

Magnús Barðdal Reynisson

Margrét Helga Hallsdóttir

Róbert Óttarsson

Sigríður Garðarsdóttir

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður

Erna Baldursdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

Herdís Á Sæmundardóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

Húsnefnd:

Skemmti- og sjoppunefnd:

Sigríður Svavardóttir, formaður

Auður Haraldsdóttir

Halldóra Andrésdóttir Cuyler

Kristrún Snjólfsdóttir

Unnur Ólöf Halldórsdóttir

Fjáröflunarnefnd:

Sveitastjórar:

Karlasveit: Hjörtur Geirmundsson

Kvennasveit: Árný Lilja Árnadóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason

Pétur Friðjónsson

Tillaga að stjórn og nefndum starfsárið 2021

Formaður, 2021: Kristján Bjarni Halldórsson
Varaformaður, 2020-2021: Halldór Halldórsson ^(2/2)
Ritari, 2021-2022: Andri Þór Árnason ^(1/2)
Gjaldkeri, 2021 -2022: Kristján Eggert Jónasson ^(1/2)

Varamenn í stjórn:

Hjalti Árnason
Guðmundur Ragnarsson
Róbert Óttarsson

Mótanefnd:

Aldís Hilmarsdóttir, form. 2021-2022 ^(1/2)
Andri Þór Árnason
Hjalti Árnason
Pétur Björnsson
Ragnheiður Matthíasdóttir

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2021-2022 ^(1/2)
Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri
Magnús Helgason
Rafn Ingi Rafnsson
Þórður Karl Gunnarsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, form.
Reynir Barðdal
Stefán Pedersen

Unglinganefnd:

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir form. 2021 ^(2/2)
Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir
Magnús Barðdal Reynisson
Margrét Helga Hallsdóttir
Sigríður Garðarsdóttir

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður 2021-2022 ^(1/2)
Díana Dögg Hreinsdóttir
Erna Baldursdóttir
Guðrún Björg Guðmundsdóttir
Hafdís Skarphéðinsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður
Halldór Halldórsson

Sveitastjórar:

Karlasveit: Hjörtur Geirmundsson
Kvennasveit: Árný Lilja Árnadóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson
Sigmundur Guðmundsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason
Pétur Friðjónsson

Tillaga aðalfundar að gjaldskrá 2021

Félagsgjöld	2020	Inneign í sjoppu	Samtals 2020	2021	Inneign í sjoppu	Samtals 2021
Fjölskyldugjald	91.000	20.000	111.000	105.000	10.000	115.000
Hjónagjald	78.000	20.000	98.000	90.000	10.000	100.000
Hjónagjald 67 og eldra	58.500	20.000	78.500	67.500	10.000	77.500
Einstaklingsgjald	52.000	10.000	62.000	60.000	5.000	65.000
Einstaklingsgjald 67 og eldra	39.000	10.000	49.000	45.000	5.000	50.000
17-26 ára	28.600		28.600	33.000		33.000
13-16 ára	23.400		23.400	27.000		27.000
12 ára og yngri	18.200		18.200	21.000		21.000
Byrjendagjald fjölskyldu	54.600	20.000	74.600	63.000	10.000	73.000
Byrjendagjald hjóna	46.800	20.000	66.800	54.000	10.000	64.000
Byrjendagjald einstaklings	31.200	10.000	41.200	36.000	5.000	41.000
Aukaaðild hjóna	46.800	20.000	66.800	54.000	10.000	64.000
Aukaaðild einstaklings	31.200	10.000	41.200	36.000	5.000	41.000

Nokkur atriði varðandi gjaldskrá og réttindi:

- Golfskóli er innifalinn í árgjaldi (þ.m.t. fjölskyldugjaldi) fyrir 16 ára og yngri
- Börn sem eru ekki í félaginu borga sérstaklega fyrir golfskólann 10 þús. kr. fyrir mánuðinn.
- Aukaaðild gerir kröfu um að viðkomandi sé félagi í aðalklúbbi og veitir fullréttindi í félagsstarfinu.
- Fjölskyldugjald er í boði fyrir fólk með börn á framfæri, 16 ára og yngri
- Mótanefnd getur heimilað kylfingi sem er utan klúbba að taka þátt í keppni án forgjafar og greiðir viðkomandi þá 1.000 krónu álag á mótsgjaldið
- Félagsgjöld verða innheimt með 5 jöfnum mánaðarlegum greiðslum (janúar til maí)

Vallargjöld	2020	2021
Vallargjald einstaklings	4.000	4.000
Vallargjald hjóna	6.000	6.000
16 ára og yngri greiða hálfvallargjald		
Helgarpassar og vikugjöld eru aflögð		

Önnur gjöld	2020	2021
Leiga á kylfum	2.000	2.000
Leiga á kerru	500	500
Hópur lokar velli 2,5 klst	90.000	90.000
Hópur lokar velli 5 klst	160.000	160.000

Golfskáli að Hlíðarenda og veitingar eru ekki innifaldar í gjaldi ef hópur lokar velli í tiltekin tíma

Vallargjald er óháð fjölda hola sem leiknar eru.